

EES-viðbætur

við Stjórnartíðindi EB

ISSN 1022-9337

Nr. 1

4. árgangur

9.1.1997

I EES-STOFNANIR

1. EES-ráðið
2. Sameiginlega EES-nefndin
3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin
4. Ráðgjafarnefnd EES

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna
2. Eftirlitsstofnun EFTA
3. EFTA-dómstóllinn

III EB-STOFNANIR

1. Ráðið
2. Framkvæmdastjórnin

97/EES/1/01	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.813 - Allianz/Hermes)	01
97/EES/1/02	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.821 - Baxter/Immuno)	01
97/EES/1/03	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.834 - Metallgesellschaft/Safic Alcan (II))	02
97/EES/1/04	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar um hámarksaðstoð vegna skipasmíða	02
97/EES/1/05	Ríkisaðstoð - Mál nr. N 692/96 - Frakkland	02
97/EES/1/06	Skrá yfir ákvarðanir og tilskipanir sem framkvæmdastjórnin hefur birt	03
97/EES/1/07	Skrá yfir skjöl varðandi EES sem framkvæmdastjórnin sendi ráðinu á tímabilinu 18. 11. til 29. 11. 1996	04

3. Dómstóllinn

97/EES/1/08	Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna	05
97/EES/1/09	Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi	06

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.813 - Allianz/Hermes)

97/EES/1/01

Framkvæmdastjórnin ákvað 27. 9. 1996 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmst hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fánleg á þýsku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál sem kunna að koma þar fram hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fánleg:

- í pappírútgáfu á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í tölvutæku formi í „CDE“-útgáfu af CELEX- gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 396M0813. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP
Information, Marketing and Public Relations (OP/4B)
2, rue Mercier
L-2925 Luxembourg
Sími: +352 2929 42455, bréfasími: +352 2929 42763

Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.821 - Baxter/Immuno)

97/EES/1/02

Framkvæmdastjórnin ákvað 9. 10. 1996 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmst hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾. Óstýtt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fánleg á ensku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál sem kunna að koma þar fram hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fánleg:

- í pappírútgáfu á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í tölvutæku formi í „CEN“-útgáfu af CELEX- gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 396M0821. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP
Information, Marketing and Public Relations (OP/4B)
2, rue Mercier
L-2925 Luxembourg
Sími: +352 2929 42455, bréfasími: +352 2929 42763

(¹) Stjútíð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjútíð. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu
(Mál nr. IV/M.834 - Metallgesellschaft/Safic Alcan (II))**

97/EES/1/03

Framkvæmdastjórnin ákvað 21. 11. 1996 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾. Óstytt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fánleg á ensku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál sem kunna að koma þar fram hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fánleg:

- í pappírsgútgáfu á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í tölvutæku formi í „CEN“-útgáfu af CELEX- gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 396M0834. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP
Information, Marketing and Public Relations (OP/4B)
2, rue Mercier
L-2925 Luxembourg
Sími: +352 2929 42455, bréfasími: +352 2929 42763

**Orðsending framkvæmdastjórnarinnar um hámarksaðstoð
vegna skipasmíða**

97/EES/1/04

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að á meðan árlegri endurskoðun stendur skuli sameiginlega hámarkið vegna rekstraraðstoðar, sem um getur í 1. mgr. 4. gr. og 1. mgr. 5. gr. í tilskipun ráðsins um aðstoð til skipasmíða, haldast við 9% þar til 31. desember 1996. Einnig hefur framkvæmdastjórnin ákveðið að viðhalda leyfilegri hámarksviðmiðun vegna smíði lítilla skipa og vegna skipabreytinga við 4,5% til 31. desember 1996 ef samningsupphæðin er undir 10 milljónum ECU.

**Ríkisaðstoð
Mál nr. N 692/96 - C 47/96 (ex NN 113/96)
Frakkland**

97/EES/1/05

Framkvæmdastjórnin hefur hafið málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans hvað varðar aðstoð sem frönsk stjórnvöld hafa ákveðið að veita bankanum Crédit Lyonnais (sjá nánari útlistun í Stjtúð. EB nr. C 390 frá 24. 12. 1996).

Framkvæmdastjórnin veitir hér með hinum aðildarríkjum EES og hagsmunaaðilum frest til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri, innan 30 daga frá birtingu þessarar auglýsingar í Stjtúð. EB, við:

Commission of the European Communities
200, rue de la Loi
B-1049 Brussels

Athugasemdunum verður komið á framfæri við frönsk stjórnvöld.

(¹) Stjtúð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtúð. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

Skrá yfir ákvarðanir og tilskipanir sem framkvæmdastjórnin hefur birt 97/EES/1/06

Framkvæmdastjórnin hefur birt eftirfarandi ákvarðanir og tilskipanir:

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 26. júní 1996 um styrk þýskra stjórnvalda til Volkswagen-samstæðunnar í Mosel og Chemnitz (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. L 308, 29. 11. 1996)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 30. júlí 1996 um tiltekna aðstoð sem ítölsk stjórnvöld lögðu til sem hluta af áætlun um endurskipulagningu á einkavæddum stáliðnaði á Ítalíu (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. L 316, 5. 12. 1996)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 25. nóvember 1996 um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/436/EBE um sérstök skilyrði fyrir innflutningi á fisk- og kvíaeldisafurðum sem eru upprunnar í Chíle (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. L 313, 3. 12. 1996)

Ákvörðun frá 25. nóvember 1996 um sérstök skilyrði fyrir innflutningi á tvískelja lindýrum, skrápdyrum, möttuldýrum og sæsniglum sem eru upprunnin í Chíle (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. L 316, 5. 12. 1996)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 25. nóvember 1996 um breytingu á ákvörðun 77/144/EBE um kóða og staðlaðar reglur um umritun í tölvutækt form á upplýsingum um rannsóknir á plantekrum fyrir tiltekna tegundir af ávaxtatrjám og um landamæramerkingu framleiðslusvæða fyrir slíkar rannsóknir (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. L 318, 7. 12. 1996)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 26. nóvember 1996 um samþykki á áætlun fyrir 1997 sem Danmörk lagði fram vegna eftirlits með salmonellu í alifuglum og um hámark fjárframlaga bandalagsins (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. L 318, 7. 12. 1996)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 26. nóvember 1996 um breytingu á áætlun sem Danmörk lagði fram vegna eftirlits með salmonellu í alifuglum (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. L 318, 7. 12. 1996)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 26. nóvember 1996 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á kælskápum umhverfismerki bandalagsins (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. L 323, 13. 12. 1996)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 26. nóvember 1996 um breytingu á ákvörðun 96/526/EB um tiltekna verndarráðstafanir gegn gin- og klaufaveiki í Grikklandi (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. L 320, 11. 12. 1996)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 28. nóvember 1996 um fyrirmyndir að yfirlýsingu um almannaheilbrigði og heilbrigðismerki vegna innflutnings á nýju alifuglakjöti frá þriðju löndum (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. L 326, 17. 12. 1996)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 29. nóvember 1996 um breytingu á ákvörðun 80/804/EBE um dýraheilbrigðiskröfur og heilbrigðisvottorð vegna innflutnings á nýju kjöti frá Kanada (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. L 329, 19. 12. 1996)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 29. nóvember 1996 um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 92/452/EBE um gerð skráa yfir starfshópa sem annast töku fósturvísa og eru viðurkenndir í þriðju löndum til að flytja nautgripafósturvísa út til bandalagsins (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. L 329, 19. 12. 1996)

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 29. nóvember 1996 um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/24/EBE og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/244/EBE og um viðbótarábyrgðir vegna Aujeszky-veiki í svínnum sem á að senda til Svíþjóðar (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. L 329, 19. 12. 1996)

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/76/EB frá 29. nóvember 1996 um breytingu á tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 92/76/EBE um viðurkenningu á verndarsvæðum sem eru óvarin gegn tiltekinni hættu er varðar plöntuheilbrigði í bandalaginu (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. L 317, 6. 12. 1996)

**Skrá yfir skjöl varðandi EES sem framkvæmdastjórnin 97/EES/1/07
sendi ráðinu á tímabilinu 18. 11. til 29. 11. 1996**

Þessi skjal er unnt að fá hjá söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna

Kóði	Skráningarnúmer	Titill	Samþykkt af framkvæmdastjórninni þann	Sent til ráðsins þann	Blaðsíðu- fjöldi
COM(96) 534	CB-CO-96-539-EN-C ⁽¹⁾	Endurskoðuð tillaga að ákvörðun ráðsins um gagnkvæma upplýsinga- og gagnamiðlun frá netum og einstökum stöðvum sem annast mælingar á loftmengun í aðildarríkjunum	19.11.1996	19.11.1996	7
COM(96) 605	CB-CO-96-597-EN-C	Breytt tillaga að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um breytingu á tilskipun 86/378/EBE um jafnrétti karla og kvenna innan almannatryggingakerfa einstakra starfsgreina	19.11.1996	19.11.1996	20
COM(96) 584	CB-CO-96-581-EN-C	Tillaga að reglugerð ráðsins (EB) um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarks magn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu	19.11.1996	20.11.1996	14
COM(96) 191	CB-CO-96-199-EN-C	Tillaga að tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um áletranir á umbúðum og reglur um samræmismat á umbúðum	25.11.1996	26.11.1996	18
COM(96) 574	CB-CO-96-587-EN-C	Tillaga að tilskipun ráðsins um skráningu fólks sem ferðast með farþegaskipum	25.11.1996	26.11.1996	32
COM(96) 620	CB-CO-96-616-EN-C	Tillaga að tilskipun ráðsins um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um fjöldauppsagnir (samsteypt útgáfa)	29.11.1996	29.11.1996	13

⁽¹⁾ „EN“ vísar til enska COM-skjalsins.

DÓMSTÓLLINN

Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna⁽¹⁾

97/EES/1/08

Dómur dómstólsins (fimmta deild) frá 10. október 1996 í máli C-78/95 (beiðni um forúrskurð frá Hoge Raad der Nederlanden): Bernardus Hendrikman og Maria Feyen gegn Magenta Druck & Verlag GmbH (Brusselsamningurinn - túlkun á 2. mgr. 27. gr. - viðurkenning á ákvörðun - varnaraðili sem mætir ekki fyrir rétti).

Dómur dómstólsins (fimmta deild) frá 17. október 1996 í máli C-64/95 (beiðni um forúrskurð frá Finanzgericht des Landes Brandenburg): Konservenfabrik Lubella Friedrich Büker GmbH & Co. KG gegn Hauptzollamt Cottbus (sameiginleg skipulagning á ávaxta- og grænmetismarkaði - verndarráðstafanir - súr kirsuber).

Dómur dómstólsins (fimmta deild) frá 17. október 1996 í máli C-312/95: framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Stórhertogadæminu Lúxemborg (vanefnd skuldbindinga - tilskipun ráðsins 90/219/EBE og 90/220/EBE - erfðabreyttar lífverur).

Dómur dómstólsins (sjötta deild) frá 24. október 1996 í máli C-325/95: framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Írlandi (vanefnd aðildarríkis á skuldbindingum sínum - tilskipun ráðsins 91/67/EBE, 91/492/EBE, 91/493/EBE og 92/48/EBE - vanefnd á að taka tilskipun upp í landslög innan tilskilins frests).

Mál C-335/96: Mál höfðað 10. október 1996 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Grikklandi.

Mál C-337/96: Mál höfðað 14. október 1996 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Industrial Refuse and Coal Energy Limited.

Mál C-342/96: Mál höfðað 16. október 1996 af Konungsríkinu Spáni gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál C-344/96: Mál höfðað 17. október 1996 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Sambandslýðveldinu Þýskalandi.

Mál C-350/96: Beiðni um forúrskurð frá Verwaltungsgerichtshof, Austurríki, samkvæmt fyrirmælum þess dómstóls frá 8. október 1996 í máli Clean Car Autoservice Ges.m.b.H. gegn Landeshauptmann von Wien.

Mál C-352/96: Mál höfðað 25. október 1996 af Lýðveldinu Ítalíu gegn ráði Evrópusambandsins.

Mál C-354/96: Mál höfðað 29. október 1996 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Ítalíu.

Mál C-355/96: Beiðni um forúrskurð frá Oberster Gerichtshof, Austurríki, samkvæmt fyrirmælum þess dómstóls frá 15. október 1996 í máli Silhouette International Schmied Gesellschaft mbH & Co KG gegn Hartlauer Handelsgesellschaft mbH.

Mál C-360/96: Beiðni um forúrskurð frá Gerechtshof te Arnhem samkvæmt fyrirmælum þess dómstóls frá 29. október 1996 í máli Arnhem kommune og Rheden kommune gegn BFI Holding BV.

⁽¹⁾ Sjá Stjttö. EB nr. C 388, 21. 12. 1996.

Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi⁽¹⁾ 97/EES/1/09

Mál T-31/96 tekið af málaskrá: Crédit Lyonnais gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-70/96 tekið af málaskrá: MEDIOCURSO, Estabelecimento de Ensino Particular, Limitada gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-72/96 tekið af málaskrá: MEDIOCURSO, Estabelecimento de Ensino Particular, Limitada gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

⁽¹⁾ Sjá Stjtið. EB nr. C 388, 21. 12. 1996.